

AFKOMA ARION BANKA Á ÁRINU 2012

Hagnaður Arion banka á árinu 2012 nam 17,1 milljarði króna eftir skatta samanborið við 11,1 milljarð króna á árinu 2011. Arðsemi eigin fjár var 13,8% samanborið við 10,5% árið 2011. Arðsemi af reglulegri starfsemi var 10,6% en var 11,2% árið 2011. Heildareignir námu 900,7 milljörðum króna samanborið við 892,1 milljarð króna í árslok 2011. Ársreikningur samstæðu Arion banka er endurskoðaður af endurskoðendum bankans, Ernst & Young ehf.

Eiginfjárlutfall bankans í lok tímabilsins var 24,3% en í lok árs 2011 var það 21,2%.

Helstu atriði ársreikningsins:

- Hagnaður eftir skatta nam 17,1 ma.kr. samanborið við 11,1 ma.kr. árið 2011.
- Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 13,1 ma.kr. samanborið við 12,9 ma.kr. á árinu 2011.
- Rekstartekjur ársins námu alls 44,8 mö.kr. samanborið við 33,3 ma.kr. á árinu 2011. Aukninguna má rekja til nokkurra liða og eru þar stærstir; hreinar vaxtatekjur sem hækka, virðisrýrnun útlána er minni og tekjur af hlutdeildarfélögum aukast sem og aðrar tekjur.
- Hreinar vaxtatekjur námu 27,1 ma.kr. samanborið við 23,4 ma.kr. á árinu 2011, en aukningin er einkum tilkomin vegna stærra lánasafns eftir kaup bankans á íbúðalánasafni frá Kaupþingi.
- Niðurfærsla vegna gengislána í kjölfar dóma Hæstaréttar nam 5,7 mö.kr. á árinu 2012 samanborið við 13,8 ma.kr. á árinu 2011.
- Arðsemi eigin fjár var 13,8% en var 10,5% á árinu 2011. Arðsemi af reglulegri starfsemi var 10,6% samanborið við 11,2% árið 2011.
- Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna var 3,4% á árinu sem er sami vaxtamunur og var árið 2011.
- Kostnaðarlutfall ársins var 48,9% en var 52,5% árið 2011. Kostnaðarlutfall af reglulegri starfsemi 2012 nam 53,6% samanborið við 53,9% á árinu 2011.
- Launakostnaður hækkar um 11% milli ára og vegur þar þungt nýr skattur á laun starfsmanna fjármálafyrirtækja, sem nemur 5,45%.
- Reiknaður tekjuskattur nam 3,6 mö.kr. samanborið við 1,9 ma.kr. á árinu 2011.
- Eiginfjárlutfall var 24,3% samanborið við 21,2% í árslok 2011.
- Lausafjárlutfall bankans var 33% sem er vel yfir 20% lögbundnu lágmarki.
- Reiðufjárlutfall bankans var 31%, en lögbundið lágmark er 5%.
- Útlán til viðskiptavina í lok tímabilsins námu 566,6 mö.kr. og eru nánast óbreytt frá fyrra ári.
- Heildareignir námu 900,7 mö.kr., samanborið við 892,1 ma.kr. í árslok 2011.
- Eigið fé bankans í lok árs 2012 var 130,9 ma.kr. en nam 114,6 mö.kr. í lok árs 2011.

Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka:

„Þetta er vel viðunandi ársuppgjör. Afkoma af grunnstarfsemi bankans er ágæt og í takt við okkar væntingar. Áframhaldandi stöðugleiki einkennir reksturinn sem er mikilvægt því stöðugleika fylgir fyrirsjáanleiki sem skiptir miklu í okkar starfsemi. Við verðum enda vör við aukna tiltrú utanaðkomandi aðila á bankanum. Þannig sjáum við að vinna undanfarinna þriggja ára við uppbyggingu bankans er að skila sér. Skuldabréfaútgáfa okkar hér á landi á árinu 2012 og ekki síður nýleg útgáfa erlendis eru skýr dæmi um það. Með skuldabréfaútgáfu okkar í Noregi var tekið mikilvægt skref í þá átt að opna aðgang íslensks atvinnulífs að erlendum mörkuðum. Því er um að



ræða áfanga í að skapa hér á landi aðstæður sem gera okkur kleift að afnema gjaldeyrishöft og koma aukinni hreyfingu á hagkerfið.

Á árinu 2012 lögðum við ríka áherslu á að bæta okkur á ýmsum mikilvægum sviðum. Við hófum árið á að þakka viðskiptavinum okkar þolinmæði og samstarf undanfarinna ára með endurgreiðslu hluta vaxtagreiðslna ársins á undan. Þar nutu um 33 þúsund viðskiptavinir okkar góðs af. Við þéttum vöru- og þjónustuframboð okkar, m.a. með fjölbreyttara úrvali óverðtryggðra og verðtryggðra íbúðalána, nýrri bílafjármögnun, nýjum sparnaðarleiðum og metnaðarfullri fjármálaráðgjöf. Með fjölbreyttara vöru- og þjónustuframboði mætum við betur óskum viðskiptavina okkar og þannig gerum við mest gagn. Okkar markmið er að bæta okkur stöðugt og þá þjónustu sem við veitum viðskiptavinum okkar og innan bankans eru í gangi umfangsmikil verkefni sem miða að þessu.“

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Guðni Eiðsson, samskiptasviði Arion banka, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s: 856 7108.



Rekstrarreikningur – helstu atriði

Rekstrarreikningur				
Í milljónum króna	2012	2011	Breyting	Breyting %
Hreinar vaxtatekjur	27.142	23.388	3.754	16%
Hrein breyting á verðmati lána og krafna	-4.690	-8.649	3.959	-46%
Samtals hreinar vaxtatekjur og matsbreyting	22.452	14.739	7.713	52%
Hreinar þóknatekjur	10.748	10.685	63	1%
Hreinar fjármunatekjur	583	511	72	14%
Hreinn gengishagnaður -tap	1.434	1836	-402	-22%
Aðrar rekstrartekjur	9.595	5.505	4.090	74%
Rekstrartekjur	44.812	33.276	11.536	35%
Laun og launatengd gjöld	-12.459	-11.254	-1.205	11%
Annar rekstrarkostnaður	-12.209	-10.762	-1.447	13%
Hagnaður fyrir skatta	20.144	11.260	8.884	79%
Tekjuskattur	-3.633	-1.912	-1.721	90%
Bankaskattur	-1.062	-1.046	-16	2%
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	15.449	8.302	7.147	86%
Hreinar tekjur -gjöld af aflagðri starfsemi	1.607	2.792	-1.185	-
Hagnaður ársins	17.056	11.094	5.962	54%

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur hækkuðu um 11.536 milljónir króna milli ára og námu 44.812 milljónum króna á árinu 2012. Hækkunin er til komin vegna jákvæðra breytinga á flestum sviðum rekstrarins.

Hreinar vaxtatekjur árið 2012 námu 27.142 milljónum króna, samanborið við 23.388 milljónir króna árið 2011. Aukningin skýrist fyrst og fremst af mun stærra lánasafni vegna kaupa bankans á íbúðalánasafni frá Kaupþingi í árslok 2011 og hlutfallslegri aukningu verðtryggðra lána sem gefa hærri vexti vegna nokkurrar verðbólgu á árinu. Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna nam 3,4% bæði árin.

Hrein breyting á verðmati lána og krafna fólst í gjaldfærslu upp á 4.689 milljónir króna á árinu samanborið við 8.649 milljóna króna gjaldfærslu á árinu 2011. Ljóst er að niðurfærslur vegna lána sem dæmd hafa verið með ólöglega tengingu við gjaldmiðla vega þarna þungt. Á árinu 2011 gjaldfærði samstæðan 13.823 milljónir króna vegna slíkra lána og á árinu 2012 voru til viðbótar færðar 5.744 milljónir króna vegna þeirra lána. Á móti hefur komið virðisbreyting til hækkunar á bókfærðu virði lána, sem er nær eingöngu til komin vegna útlána til stærri fyrirtækja.

Hreinar þóknatekjur námu 10.748 milljónum króna samanborið við 10.685 milljónir króna árið 2011. Mjög lítil breyting hefur orðið á þóknastofni milli ára en unnið er í þeim málum af hálfu bankans.

Hreinar fjármunatekjur námu 583 milljónum króna á árinu samanborið við 511 milljónir króna árið 2011. Verðbréfasafn bankans nam í árslok 2012 137,8 milljörðum króna og því eru ofangreindar virðisbreytingar óverulegar.

Hreinn gengishagnaður nam 1.434 milljónum króna á árinu samanborið við 1.836 milljónir króna árið 2011. Gjaldeyrisójöfnuður bankans hefur með markvissu átaki verið minnkaður og er nú kominn vel niður fyrir 15% af eiginfjárgrunni bankans, sem er í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands.



Aðrar rekstrartekjur námu 9.595 milljónum króna á árinu 2012 samanborið við 5.505 milljónir króna á árinu 2011. Helstu tekjur sem falla undir aðrar rekstrartekjur eru leigutekjur af atvinnuhúsnæði í eigu Landfesta og Landeyjar og tekjur af iðgjöldum hjá OKKAR líftryggingum en þessi félög eru öll dótturfélög bankans. Þá falla jafnframt þar undir virðisbreytingar vegna fjárfestingaegna í eigu fasteignafélaga bankans sem skýra að mestu hækkunina milli ára. Enn fremur átti sér stað virðisbreyting á hlutdeildarfélögum í eigu bankans sem skýrir að hluta til hækkunina samanborið við fyrra ár.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður á árinu 2012 nam 24.668 milljónum króna og hækkaði um 2.622 milljónir króna milli ára eða um 11,9%. Kostnaðarhlutfall fer heldur lækkandi og nam 49,8% en var 52,5% árið 2011 og kostnaður sem hlutfall af eignum nam 2,8% en var 2,7% árið 2011. Horfa ber til þess að eignir í stýringu og utan efnahags hafa aukist til muna á árinu.

Laun og launatengd gjöld námu 12.459 milljónum króna á árinu samanborið við 11.254 milljónir króna árið 2011. Stöðugildi á árinu 2012 voru að meðaltali 1.166 samanborið við 1.217 árið 2011. Laun og launatengd gjöld hafa ekki síst hækkað frá fyrra ári vegna álagningar 5,45% fjársýsluskatts, ásamt hækkun launa sem er tæplega 2% umfram hækkun meðaltals launavísitölu sem var 7,8% milli ára.

Annar rekstrarkostnaður nam 12.209 milljónum króna á árinu samanborið við 10.792 milljónir króna árið 2011. Kostnaðaraukning er umtalsverð milli ára eða samtals 13%. Þar veða þyngst auknar afskriftir og niðurfærslur tengdar hugbúnaðarleyfum og öðrum óefnislegum eignum, hækkun á tölvukostnaði, sem m.a. hækkar vegna veikingar krónunnar, og hækkun á öðrum kostnaði sem m.a. tengist niðurfærslu vegna málaferla sem samstæðan er í og hefur fært varúðarniðurfærslur fyrir. Samtals nemur breyting vegna ofangreindra þriggja liða um 1.500 milljónum króna.

Skattar

Tekjuskattur nam 3.633 milljónum króna samanborið við 1.912 milljónir króna á árinu 2011. Virkt tekjuskattshlutfall nam 18,0% á árinu en var 17,0% á árinu 2011. Hækkunin er meðal annars til komin vegna 6% viðbótar tekjuskatts á hagnað umfram 1 milljarð hjá fjármálafyrirtækjum.

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki nam 1.062 milljónum króna samanborið við 1.046 milljónir króna árið 2011. Aukningin er til komin vegna stækkunar á efnahag bankans, en skattstofninn er skuldir banka.

Til viðbótar hafa Arion banki og dótturfélög hans greitt 545 milljónir króna í fjársýsluskatt sem leggst á laun starfsmanna í fjármálaþjónustu, en skattshlutfallið er 5,45%.

Samtals nema skattgreiðslur samstæðu Arion banka á árinu 5.240 milljónum króna en þar við bætast greiðslur til FME að fjárhæð 275 milljónir króna og til embættis Umboðsmanns skuldara, 142 milljónir króna.

Aflögð starfsemi

Hreinar tekjur af aflagðri starfsemi námu 1.607 milljónum króna samanborið við 2.792 milljónir króna á árinu 2011. Hagnaður bankans vegna sölu á stórum hluta af eignarhlut í Högum á fyrri helmingi ársins 2012 nam 875 milljónum króna. Þá var hagnaður bankans vegna sölu á um 39% hlut bankans í N1 hf. 1.376 milljónir króna á árinu, en endanlega var gengið frá sölnunni í byrjun júní eftir samþykki eftirlitsaðila. Tap af annarri aflagðri starfsemi og rekstri fullnustueigna í eigu bankans nam 644 milljónum króna á árinu.



Afkoma fjórða ársfjórðungs

Hagnaður fjórða ársfjórðungs nam 2,5 mö.kr. samanborið við tap upp á 2,5 ma.kr. á fjórða ársfjórðungi 2011. Stærsti einstaki munurinn milli tímabila liggur í niðurfærslu lána og krafna sem tengjast erlendri mynt og hafa í kjölfar dómsmála verið færð niður hjá samstæðunni. Þannig nam niðurfærsla þessara lána 13,8 mö.kr. á fjórða ársfjórðungi 2011 en var um 5,7 ma.kr. á fjórða ársfjórðungi 2012. Fleira kemur til sem skýrir muninn milli ára svo sem þróun gengis sem var hagstæðari á fjórða ársfjórðungi árið 2012 en á sama tímabil 2011. Söluhagnaður og virðisbreyting fjárfestingareigna var meiri á lokafjórðungi 2012 en 2011 en á móti kom söluhagnaður af eignarhlutum í Högum á lokafjórðungi 2011. Þá var kostnaður umtalsvert hærri á síðasta ársfjórðungi 2012 samanborið við 2011, en sú aukning skýrist einkum af óreglulegum liðum.

Efnahagsreikningur – helstu atriði


Eignir					
<i>Í milljónum króna</i>	31.12.2012	31.12.2011	Breyting %	31.12.2010	Breyting %
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	29.746	29.200	2%	30.628	-3%
Lán og kröfur til lánastofnana	101.011	69.103	46%	67.846	49%
Lán og kröfur til viðskiptavina	566.610	561.550	1%	451.219	26%
Verðbréfaeign	137.800	157.659	-13%	134.767	2%
Fjárfestingareignir	28.919	27.100	7%	27.642	5%
Eignir til sölu og aflögð starfsemi	11.923	23.886	-50%	44.464	-73%
Aðrar eignir	24.666	23.623	4%	56.049	-56%
Eignir samtals	900.675	892.121	1%	812.615	11%

Heildareignir Arion banka námu 900.675 milljónum króna í árslok 2012 samanborið við 892.121 milljón króna í árslok 2011. Breytingu á einstökum liðum má m.a. rekja til breytinga í lausafjárstýringu, sem sjá má í lækkun á verðbréfaeign og sölu á yfirteknum eignum í tengslum við skuldauppgjör en fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi lækka verulega í kjölfar sölu á eignarhlutum í yfirteknum félögum.



Lán og kröfur til viðskiptavina

Lán og kröfur til viðskiptavina námu 566.610 milljónum króna í lok árs 2012 samanborið við 561.550 milljónir króna í árslok 2011. Umtalsverðar breytingar hafa átt sér stað á lánum og kröfum bankans síðustu árin. Á myndinni hér að neðan sést skipting á lánabókinni eftir myntum síðustu fjögur ár, en þar sést mikil breyting sem hefur átt sér stað með endurskipulagningu á skuldamálum fyrirtækja og einstaklinga sem og endurútreikningi lána til einstaklinga og minni fyrirtækja í tengslum við dómsmál síðustu misseri. Þá hefur hlutdeild verðtryggðra útlána aukist umtalsvert, einkum með tilkomu íbúðalánasafnsins sem bankinn keypti frá Kaupþingi í árslok 2011 en einnig hafa stór fyrirtæki tekið ný verðtryggð lán, þar sem tekjur þeirra tengjast verðtryggingu. Samsetning lána bankans hefur því færst úr því að vera einkum í erlendum myntum í verðtryggð lán í íslenskum krónum.



Verðbréfaeign

Verðbréfaeign nam 137.800 milljónum króna í lok ársins 2012 samanborið við 157.659 milljónir króna í árslok 2011.

Verðbréfaeign					
Í milljónum króna	31.12.2012	31.12.2011	Breyting%	31.12.2010	Breyting%
Skuldabréf	117.730	140.568	-16%	120.112	-2%
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	16.844	14.045	20%	10.316	63%
Afleiðusamningar	788	674	17%	1.126	-30%
Verðbréf til áhættuvarna	2.438	2.372	3%	3.213	-24%
Verðbréf samtals	137.800	157.659	-13%	134.767	2%

Arion banki nýtir lausafé sitt m.a. til kaupa á auðseljanlegum skuldabréfum og sveiflur í skuldabréfaeign milli ára skýrast einkum af því. Breyting á hlutabréfaeign tengist einkum yfirtöku á eignarhlutum í tengslum við skuldauppgjör fyrirtækja, í skráðum og óskráðum bréfum, bæði í íslenskum og erlendum félögum.



Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi

Eignir sem teljast til *fastafjármuna til sölu og aflagðrar starfsemi* námu 11.923 milljónum króna í lok árs 2012 samanborið við 23.886 milljónir króna í árslok 2011. Lækkunin er einkum til komin vegna sölu BM Vallár ehf. og Pennans á Íslandi ehf. sem og að stórir eignarhlutir bankans í Högum hf. og N1 hf. voru seldir. Helstu eignir sem bankinn á enn í þessum flokki eru dótturfélagið Fram foods ehf., eignarhlutur í HB Granda hf. og fasteignir, bæði íbúðir og atvinnuhúsnæði. Gert er ráð fyrir að mestur hluti þessara eigna verði seldur á árinu 2013.

Skuldir og eigið fé

Heildarskuldir námu 769.797 milljónum króna í lok ársins 2012 samanborið við 777.563 milljónir króna í árslok 2011. Ástæðu lækkunarinnar má einkum rekja til lækkunar innstæðna hjá bankanum, einkum innstæðna aðila sem bundnir eru með innstæður sínar í gjaldeyrishöftum. Á móti kemur að önnur lántaka hefur aukist með nýrri sértryggðri skuldabréfaútgáfu upp á um 5.000 milljónir króna á fyrri helmingi ársins 2012 og skuldir sem tengdar eru vísitölu og gjaldmiðlum hafa sömuleiðis hækkað.

Skuldir og eigið fé					
Í milljónum króna	31.12.2012	31.12.2011	Breyting%	31.12.2010	Breyting%
Innlán lánastofnana og Seðlabanka	32.990	16.160	104%	95.646	-66%
Innlán frá viðskiptavinum	448.683	489.995	-8%	457.881	-2%
Skuldir vegna aflagðrar starfsemi	1.769	4.950	-64%	13.514	-87%
Fjárskuldir á gangvirði	13.465	4.907	174%	999	1248%
Aðrar skuldir	43.585	42.243	3%	43.504	0%
Lántaka	195.085	187.203	4%	65.278	199%
Víkjandi lántaka	34.220	32.105	7%	26.257	30%
Eigið fé	130.878	114.558	14%	109.536	19%
Skuldir og eigið fé samtals	900.675	892.121	1%	812.615	11%

Innlán

Heildarinnlán bankans námu 481.673 milljónum króna og höfðu þá lækkað um 24.482 milljónir króna á árinu. Á fyrsta ársfjórðungi 2012 tók einn stærsti innlánseigandi bankans út innstæður sínar í tengslum við uppgjör við erlendan kröfuhafa sinn með aðkomu Seðlabankans og fleiri aðila. Við þessa breytingu telur bankinn að gæði innstæðna hafi aukist og lausafjár- og reiðufjárhlutföll séu nú umtalsvert heilbrigðari en áður. Þrátt fyrir lækkun innlána á síðustu misserum hefur bankinn haldið sínum hlut á innlánamarkaði í flestum flokkum, en innlánakerfið í heild sinni hefur minnkað með auknum fjárfestingartækifærum á öðrum sviðum.

Unnið hefur verið markvisst að því að lengja binditíma innstæðna til að auka öryggi í fjármögnun bankans. Þannig voru um 42% innstæðna bundin í árslok 2012 samanborið við 23% í árslok 2011.



Þá fylgist bankinn með innstæðum með markvissum hætti og hefur skipt þeim upp eftir kvikleika. Hér að neðan má sjá breytingu á skiptingu innlánanna milli ára en þar sést að flokkar 1-4, sem eru kvikustu flokkarnir, hafa minnkað hlutfallslega samanborið við flokkana sem eru minnst kvikir, þ.e flokkar 5-7.

Kvikleiki innstæðna

	2012	2011	Breyting %
1. Gjaldeyrishöft	2%	9%	-7%
2. Skilameðferð	18%	11%	7%
3. Fjárfestar	21%	25%	-4%
4. Innstæður - lögaðilar	14%	16%	-2%
5. Innstæður - einstaklingar	11%	11%	0%
6. Innstæður - lögaðilar í viðskiptatengslum	16%	11%	5%
7. Innstæður - einstaklingar í viðskiptatengslum	18%	17%	1%
	100%	100%	0%

Lántaka

Lántaka bankans nam 195.085 milljónum króna í lok ársins 2012 samanborið við 187.203 milljónir króna í árslok 2011. Hækkunin skýrist einkum af því að á árinu 2012 gaf bankinn út samtals um 5 milljarða króna í sértryggðum skuldabréfum, bæði verðtryggð og óverðtryggð. Skuldabréfin eru hluti af útgáfuáætlun allt að 1 milljarði evra og eru skráð á NASDAQ OMX á Íslandi. Þá hefur hækkun á vísitölu neysluverðs nokkur áhrif þar sem talsverður hluti skulda bankans er verðtryggður.

Víkjandi lántaka

Víkjandi lántaka bankans nam 34.220 milljónum króna í árslok 2012 samanborið við 32.105 milljónir króna í árslok 2011. Breytingin er óveruleg og er eingöngu tengd hreyfingum á gengi erlendra mynta sem lánin tengjast.

Eigið fé

Eigið fé bankans nam 130.878 milljónum króna í lok ársins 2012 samanborið við 114.558 milljónir króna í lok ársins 2011. Breytingin er nær eingöngu vegna hagnaðar á árinu.



Kennitöluyfirlit

Kennitölur

	Árið 2012	Árið 2011	Árið 2010	Árið 2009
Arðsemi eigin fjár	13,8%	10,5%	13,4%	16,7%
Arðsemi eigna	1,9%	1,4%	1,5%	1,8%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	3,4%	3,4%	2,7%	1,9%
Vaxtamunur á heildareignir	3,1%	2,9%	2,4%	1,7%
Kostnaðarhlutfall	49,8%	52,5%	54,2%	47,7%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	2,8%	2,7%	2,2%	2,2%
CAD hlutfall (eiginfjárlutfall FME)	24,3%	21,2%	19,0%	13,7%
Tier 1 hlutfall	19,1%	16,4%	15,2%	13,7%
Útlán sem hlutfall af innlánnum	126,3%	114,6%	98,5%	72,2%
Lausafjárlutfall	33,0%	34,7%	24,8%	23,9%
Reiðufjárlutfall	31,0%	15,3%	11,2%	8,1%
Meðalfjöldi stöðugilda	1.166	1.217	1.159	1.141
Fjöldi stöðugilda í árslok - samstæða	1.190	1.158	1.241	1.124
Fjöldi stöðugilda í árslok – móðurfélag 1)	949	858	936	923

1) Fyrrum starfsmenn Verdis hf. og Sparisjóðs Ólafsfjarðar eru hluti af starfsmannatölum móðurfélags árið 2012.

Fjárhagsdagatal 2013

Aðalfundur bankans verður haldinn 21. mars 2013.

Samkvæmt áætlun munu árshlutauppgjör bankans verða birt sem hér segir.

- | | |
|-----------------------|-----------|
| 1. ársfjórðungur 2013 | í viku 21 |
| 2. ársfjórðungur 2013 | í viku 35 |
| 3. ársfjórðungur 2013 | í viku 48 |

Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.